



Fyrirspyrjandi:  
Britt Lundberg (ÅC), Hákan  
Svenning (V), Katri Kulmuni  
(cent), Mikael Staffas (Lib),  
Pry Niemi (S)

Til:  
Ríkisstjórn Norðurlandanna

Málsnúmer: 16-00185-3

Til ríkisstjórn Norðurlandanna

## Skrifleg fyrirspurn um vinnu landanna til að greiða fyrir frjálsri för

Norræna ráðherranefndin hefur um árabil unnið á virkan hátt að því að auðvelda frjálsa för á Norðurlöndum. Bæði Vettvangur um stjórnásluhindranir (2007-2013), og Stjórnásluhindranaráðið (2014- ) hafa þó bara getað borið kennsl á og bent á hindranir sem þarf að leysa. Sjálfar lausnirnar geta bara ríkisstjórnir landanna og yfirvöld séð um.

Í mörgum svörum við tilmælum frá Norðurlandaráði hafa löndin vísað til Vettvangs um stjórnásluhindranir/Stjórnásluhindranaráðsins til þess að samhæfa, bera kennsl á og leysa tilteknar stjórnásluhindranir, líka við aðstæður þar sem þetta felst ekki í umboði þessara aðila, eða þeim hefur ekki verið úthlutað fjármagni til að geta tekist á við svona hlutverk. Af hálfu Norðurlandaráðs óskum við því eftir að fá betri innsýn í hvernig unnið er í löndunum að því að auðvelda frjálsa för/fjarlægja hindranir, sem og hvernig samstarfi norrænu ríkisstjórnanna er háttað utan ramma Norrænu ráðherranefndarinnar.

Því spyr Norðurlandaráð:

1. Hvernig vege og meta stjórnarráð landanna hvaða stjórnásluhindranir/reglur, sem hindra frjálsa för, séu áhugaverðar eða þess verðar að gera eitthvað í málinu og hvaða reglur megi láta kyrrar liggja? Er það fjöldi fólks sem vandinn í raun bitnar á (í eigin landi), eða er það fræðilegur fjöldi einstaklinga sem GÆTI orðið fyrir hindruninni, eða er það hugsanlegur ávinningur samfélagsins mældur í peningum og kostnaðurinn við að breyta reglum, eða eitthvað allt annað sem er á vogarskálunum?
2. Hvernig miðla stjórnarráðin til umheimsins að það sé EKKI ætlunin að leysa hindrun/breyta reglum til að auðvelda frjálsa för á Norðurlöndum, sem og hugsanlegar ástæður að baki?
3. Er lagt sama mat á einstaklinga sem t.d. búa í einu norrænu ríki og starfa í öðru og einstaklinga sem bæði búa og starfa í eigin landi, með tilliti til hvata landanna til að leysa hugsanlegan vanda með regluverk þeirra? Hvernig má koma í veg fyrir að einstaklingar sem nýta rétt sinn til

frjálsrar farar lendi ekki í aðstæðum sem eru lakari en aðstæður heimilisfastra borgara bæði búsetulandsins og starfslandsins? Hvaða aðili ber mesta ábyrgð á því að slíkt eigi sér ekki stað?

Norðurlandaráð

4. Hvert vísa yfirvöld landanna einstaklingum sem að ósekju hafa lent í deilum ríkja um ábyrgð við ákveðnar aðstæður og þar sem lífsviðurværi þeirra er ógnað á meðan þeir bíða úrskurðar/lausnar?

E 24/2016

5. Hvernig er vinnulag í samskiptum yfirvalda og stjórnarráða til að tryggja að bréfum og fyrirspurnum frá t.d. skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar sé svarað í tæka tíð? Er tímafrestur fyrir slík bréfaskipti?

Fyrirspyrjandi:  
Britt Lundberg (ÅC), Hákan Svanneling (V), Katri Kulmuni (cent), Mikael Staffas (Lib), Pyy Niemi (S)

6. Er það fast verkefni yfirvalda landanna að leggja til/innleiða einföldun á reglum til hagsbóta fyrir frjálsa för?

Til:  
Ríkisstjórn Norðurlandanna

7. Ber yfirvöldum landanna á hverjum stað í dag skylda til að tilkynna til stjórnvalda og áfram til stjórnarráðanna um slíka annmarka eða mismun á lögum og reglum, sem geta leitt til þess að einstaklingar sem nýta rétt sinn til frjálsrar farar lendi í klípu?

Málsnúmer: 16-00185-3

8. Er til norrænn vettvangur sem tryggir að Norðurlöndin túlki og beiti norrænum sáttmálum á sambærilegan hátt og í samræmi við upphafleg markmið sáttmálanna, eða er túlkun og beiting norrænna sáttmála málefni sem að fullu er leyst af hverju landi fyrir sig?

9. Er til staðar vinnulag/vinnuaðferðir í löndunum, sem dregur úr hættunni á því að ný löggjöf í löndunum geti óviljandi verið upphaf hindrana fyrir frjálsa för á Norðurlöndum?

Stokkhólmi, 19. ágúst 2016

Britt Lundberg (ÅC)  
Hákan Svanneling (V)  
Katri Kulmuni (cent)  
Mikael Staffas (Lib)  
Pyy Niemi (S)